

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bleikja Laugum, Landsveit



Dags eftirlits	2.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Bleikja	Eftirlitsmaður	
Heimili	Katrínartún 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470121-0840	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Ingi Danner	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Dögg Jóhannesdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu (varðandi að ekki var sótt um breytingu á starfsleyfi þegar nýr rekstraraðili tók við) og tvær ábendingar voru gerðar (annars vegar vegna geymslu á spilliefnum og hins vegar vegna ófullnægjandi skráninga). Engin eldri frávik eru opin.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Bleikju ehf. Ragnar Ingi Danner framkvæmdastjóri og Eva Dögg Jóhannesdóttir gæðastjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Ekki var sótt um breytingu á starfsleyfi, m.t.t. þess að Bleikja ehf. tók við sem rekstraraðili af Veiðifélagi Eystri Rangár 1. júní 2021, fyrr en 29. september 2021. Breyting á starfsleyfi var gerð þann 16. nóvember 2021.

Starfsleyfi Bleikju ehf. rann út 16. júní sl. en var framlengt skv. ákvörðun Umhverfisstofnunar þann 14. júlí sl. og gildir því þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en til 16. júní 2023.

Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjókvíaeldi.

Reksturinn er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. Vinna við deiliskipulag er í gangi til að fullnægja kröfum vegna fyrirhugaðrar stækkunar í samræmi við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Þær kvittanir sem lágu fyrir, m.a. vegna móttöku á dauðfiski, eru handskrifaðar og ekki allar dagsettar. Rætt var að rekstraraðili geri kröfur um fullnægjandi kvittanir til að hafa í sínu bókhaldi. Unnið er að bættum skráningum þeirra þátta sem Umhverfisstofnun á að hafa aðgang að. Umhverfisstofnun mun, í næsta eftirliti, óska eftir þeim skráningum sem tiltekna verða í nýju starfsleyfi. Fóðurnotkun var 3,1 tonn í júlí. Heildarlosun efna út í umhverfið árið 2021 voru 160 kg N og 20 kg P. Ekki eru neinar kröfur um losun efna í starfsleyfi.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

Rætt var um mögulegt misræmi, hvað varðar fyrirhugaða stærð nýs leyfis, í umsókn rekstraraðila um nýtt starfsleyfi. Rekstraraðili er hvattur til að koma réttum upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að tryggja eins og mögulegt er, að óæskileg efni komist ekki út í umhverfið ef óhöpp verða, t.d. með því að hafa lekabyttur undir brúsum sem innihalda spilliefni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í gr. 1.3 í starfsleyfi	Ekki var tilkynnt um nýjan rekstraraðila fyrr en tæpum fjórum mánuðum eftir að hann tók við rekstrinum.

ÁBENDINGAR


Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðili skal skrá á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um ýmsa þætti sem tilgreindir eru í starfsleyfi. Til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru þurfa kvittanir að vera dagsettar og á viðurkenndu formi.
- 2) Rekstraraðila er bent á að koma í veg fyrir, eins og mögulegt er, að spilliefni berist út í umhverfið ef óhöpp verða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.08.2022



Freyr Evarsson

